


# TRANS BÖRN OG ÍÞRÓTTIR



## **EFNISYFIRLIT**

Trans börn og íþróttir - upplýsingar fyrir íþróttafélög .....	3
Hvað þýðir að vera trans? .....	4
Samþykki og viðurkenning trans barna .....	5
Aðstandendur og viðbrögð þeirra .....	5
Upplýsingar fyrir vini/félaga og aðstandendur .....	5
Hvað með aðra í félaginu, aðra þjálfara, iðkendur og starfsfólk?.....	6
Upplýsingakerfi, sem notuð eru í íþróttastarfi .....	7

Gefið út af Íþróttar- og Ölympíusambandi Íslands, 2020.

Grafisk hönnun: Nielsen hönnunarstofa, nielsen.is.

Ritstjórm: Ragnhildur Skúladóttir.

Höfundar: Birna Björg Guðmundsdóttir, Hugrún Vignisdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirs dóttir, Kolbrún Mist Pálsdóttir, Ragnhildur Skúladóttir, Sólveig Rós Másdóttir, Tótlá I. Sæmundsdóttir, Sveinn Sampsted og María Gunnarsdóttir.



## **TRANS BÖRN OG ÍPRÓTTIR** **- UPPLÝSINGAR FYRIR ÍPRÓTTAFÉLÖG**

Á Íslandi taka næstum öll börn þátt í íþróttastarfi með íþróttafélagi einhvern tímann á ævinni. ÍSÍ hefur mótað sér stefnu um íþróttir barna og unglings þar sem meðal annars kemur fram að; Öll börn ættu að eiga þess kost að stunda íþróttir og upplifa þá gleði og ánægju sem af starfinu hlýst; Umhverfið þarf að vera jákvætt og hvetjandi þar sem börnum liggur vel og finnst þau velkomin.

Fjölbreytileikinn í hópi barna er mikill og eru sífellt nýjar áskoranir að bætast við. Á síðustu árum hafa fleiri börn, á öllum aldri, verið að stíga fram sem trans. Mikilvægt er að huga vel að aðgengi þessa hóps að íþróttastarfi, taka vel á móti þeim og huga vel að þeirra sérstöðu. Þessi bæklingur er hugsaður til upplýsinga fyrir foreldra, þjálfara og aðra sem að íþróttastarfina koma. Bæklingurinn er leiðbeinandi og tekur til barna að 12 ára aldri eða fyrir kynþroska.



## HVAÐ ÞÝÐIR AÐ VERA TRANS?

### Að vera trans:

- er þegar kynvitund samræmist ekki því kyni sem viðkomandi fékk úthlutað við fæðingu.
- snýst um hvernig þú skynjar kyn þitt - kynvitund.
- er að sumir upplifa sig sem strák, sumir sem stelpu og aðrir sem geta tengt við bæði eða hvorugt.

Kynvitund er eitthvað sem kemur innan frá - hvernig maður upplifir sjálfan sig. Að vera trans snýst um sjálfsmynd kynsins, en ekki um kynhneigð. Kynjaskipting er algeng í samfélagini, ekki síst í íþróttum og eiga börn rétt á því að velja hvorum hópnum þau tilheyra og taka þátt í æfingum og leikjum út frá því kyni sem þau kenna sig við.

**Pað að vera trans er ekki eitthvað sem þú verður - það er eitthvað sem þú ert.**

Sum börn eru mjög ung þegar þau geta orðað eða sýnt liðan sína – en það getur tekið önnur börn/unglinga/fullorðna lengri tíma að átta sig. Einstaklingar geta verið með alls konar kynvitund og tjáð kyn sitt á ýmsan máta. Kynvitund stjórnast ekki af:

- umhverfi
- klæðaburði
- leikjum/leikföngum/litum
- tómstundum eða áhugamálum
- staðlaðri hegðun kynjanna

## SAMPYKKI OG VIÐURKENNING TRANS BARNA

Mikilvægt er fyrir líðan og þroska barna að þau séu virt og viðurkennd eins og þau eru og í samræmi við kynvitund þeirra. Trans börn sem eru viðurkennd eins og þau eru og fá stuðning í samræmi við sína kynvitund hafa betri sjálfsmynd og líður betur andlega en trans börnum sem ekki eru viðurkennd eins og þau eru eða upplifa sig. Með þetta í huga ætti alltaf að nota það fornavn sem börnin kjósa og hafa valið sér og breyta eftirnavni þannig að það samræmist því kyni.

## AÐSTANDENDUR OG VIÐBRÖGD ÞEIRRA

Það er grundvallaratriði að einbeita sér alltaf að börnunum og vellíðan þeirra þegar kemur að viðbrögðum aðstandenda. Sum börn hafa íhugað eigin kynvitund í langan tíma áður en þau tjá sig um það við sína nánustu. Það sem virðast því vera snöggar breytingar fyrir aðstandendur getur hafa haft langan aðdraganda hjá börnunum. Aðstandendur geta brugðist mismunandi við ferlinu. Samt sem áður vilja aðstandendur það besta fyrir börnin sín. Flestir aðstandendur styðja börnin sín í tengslum við ferlið á meðan að aðrir eiga erfiðara með það. Í báðum tilvikum eru aðstandendur að reyna að gera það sem þeim þykir réttast. Mikilvægast er að hafa líðan og velferð barnanna í fyrirrúmi.

## UPPLÝSINGAR FYRIR VINI/FÉLAGA OG AÐSTANDENDUR

Hafa þarf í huga að alls ekki öll börn eru tilbúin til að upplýsa félaga sína um að þau séu trans, enda gætu þau enn verið að máta sig í nýju kyni. Þegar kemur að því að upplýsa félaga í íþróttum og foreldra þeirra um kynvitund barnsins þarf fyrst og fremst að taka mið af þörfum og aðstæðum barnsins sjálfs. Mikilvægt er að hitta barnið og aðstandendur þess til að taka sameiginlega ákvörðun um;

- **hverja ber að upplýsa?**
- **hvað á að upplýsa um?**
- **hvenær og hvernig á að upplýsa?**

Viðmót þess sem upplýsir félaga og foreldra getur sett tóninn fyrir hvernig málin þróast og hvernig muni ganga. Mikilvægt er að nálgast málin á jákvæðan hátt og án þess að gera þetta að stærra máli en það þarf að vera.

## HVAÐ MED AÐRA Í FÉLAGINU, AÐRA ÞJÁLFARA, ÍÐKENDUR OG STARFSFÓLK?

Það er grundvallaratriði að börn séu meðtekin og viðurkennd í samræmi við sína kynvitund. Það er því mikilvægt að börn upplifi að umhverfið samþykki þau eins og þau eru. Börn ættu einnig að vera kynnt fyrir nýjum félögum og þjálfurum samkvæmt kynvitund þeirra og með því fornafni sem þau hafa kosið sér. Hins vegar getur verið mikilvægt fyrir þjálfara eða aðra að þekkja sögu barnanna, en gæta þarf að því á öllum stigum að halda trúnaði við barnið og gæta að friðhelgi þess. Þjálfarinn gæti þurft að athuga eftirfarandi aðstæður til að tryggja öryggi og velferð barnsins:

- **meðhöndlun á kennitölu (nafn og kyn í þjóðskrá og persónuverndarlög)**
- **kynjuð rými eins og búningsklefar (ef það er farið í sturtu)**
- **gistiaðstaða í keppnisferð (ef börnum liður illa við tilhugsunina að vera með öðrum í herbergi)**

Finna þarf hagnýtar lausnir, sem einangra ekki eða afhjúpa börnin og valda þeim vanlіðan. Dæmi um hagnýta lausn gæti verið að nýta dómaraherbergi sem auka klefa eða einkarými til fataskipta ef þess er þörf. Upplýsa gæti þurft húsverði um þá aðila sem hafa heimild til að nota einkarými. Iðkandi ætti ekki að þurfa að upplýsa um ástæður þess. Í mörgum íþróttagreinum er ekki nauðsynlegt að hafa fataskipti og í þeim tilvikum væri möguleiki á að bjóða börnum upp á að mæta í íþróttafötum á æfingar. Skrá ætti handvirkta það nafn sem barnið kýs ef það er annað en það sem tengt er við kennitölu.



## **UPPLÝSINGAKERFI, SEM NOTUÐ ERU Í ÍÞRÓTTASTARFI**

Sum börn hafa breytt nafni sínu og kynskráningu í þjóðskrá í samræmi við það nafn sem þau vilja nota dagsdaglega. Fyrir þau börn sem ekki hafa gert það, er mikilvægt að breyta í því upplýsingakerfi sem notað er í daglegu starfi íþróttafélags. Einnig þarf að athuga að rétt nafn birtist á leikskýrslum eða í keppnisgögnum. Tafir á leiðréttingu gagna geta leitt til óþægilegrar reynslu fyrir barnið.



Frekari upplýsingar eru hægt að nálgast á:

[www.samtokin78.is](http://www.samtokin78.is)

[www.otila.is](http://www.otila.is)

[www.transisland.is](http://www.transisland.is)

<https://reykjavik.is/trans-born-og-skolar>


[https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/  
fraedsluefni/trans-born/](https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/fraedsluefni/trans-born/)

<https://barn.is/barnasattmalinn/>



# Trans börn og íþróttir

## Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands



### Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna



#### 1. grein Hugtakið barn

Barn er einstaklingur undir 18 ára aldri, nema lög heimlands þess segi annað.

#### 2. grein Jafnræði — bann við mismunun

Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórmálaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.

#### 3. grein Pað sem barninu er fyrir bestu

Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildarriki eiga að sjá til þess að stofnanir og bjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.

#### 12. grein Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif

Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin mállefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.

#### 16. grein Friðhelgi fjölskyldu og einkalífs

Börn eiga rétt á vernd gegn gerræðislegum eða ólögmætum afskiptum af einkalífi sínu, fjölskyldu, heimili, bréfum og gegn árásum á mannorð.